

Nd.

125. Frumvarp til laga

[45. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. nóv.)

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar mgr., svo hljóðandi:
Kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamála-
sjóðs samkv. 1. mgr. 27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
Ráðning starfsliðs er háð samþykki ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðist þannig:
Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi
ráðherra, og vera með vísitölu kjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu
bundnar vísitölu.

Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengis-
tryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.